

Þriðjudaginn 3. júní 1986.

Nr. 91/1986.

Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ingólfi Skúlasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Brot gegn áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Sigurgeir Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Máli þessu er áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 13. febrúar 1986. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar.

Ágrip barst Hæstarétti 11. apríl 1986.

Staðfesta þykir mega hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 10.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ingólfur Skúlason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. nóvember 1985.

Ár 1985, föstudaginn 15. nóvember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 634/1985: Ákærvaldið gegn Ingólfi Skúlasyni, sem tekið var til dóms þann 25. október 1985.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 20. febrúar 1985, gegn ákærða Ingólfi Skúlasyni leigubifreiðastjóra, Mánagötu 3, Reykjavík, fæddum 27. ágúst 1921 í Króktúni, Landmannahreppi, Rangárvallasýslu, „fyrir að hafa, laugardaginn 9. júní 1984 um k. (sic) 18.40 selt

Ólafi Þórði Þórarinssyni eina flösku af brennivíni fyrir kr. 900 í leigubifreiðinni R-4610 við Njörvasund 34 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 18. gr., sbr. 33. gr.áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Laugardaginn 9. júní 1984 voru lögreglumennirnir Ólafur Guðmundsson, Óskar Kristjánsson og Jóhannes Viggósson að fylgjast með ólöglegri áfengissölu. Í frumskýrslu kemur fram að þeir hafi veitt leigubifreiðinni R-4610 athygli þar sem henni var ekið frá bifreiðastæði Borgarbilastöðvarinnar sem leið liggur um Tryggvagötu, Kalkofnsveg, austur Skúlagötu, Skúlatorg, Sætún til austurs, Kleppsveg til austurs og þaðan um Efstasund, Drekaog og Njörvasund, þar sem bifreiðin stöðvaðist við hús nr. 34 og tók farþega. Síðan hafi bifreiðinni verið ekið um Hlunnavog og Skeiðarvog og snúið við og ekið að húsi nr. 34 við Njörvasund á ný og farþeginn farið úr bílnum. Lögreglumenn hafi farið út og rætt við farþegann Ólaf Þ. Þórarinsson sem hafi verið með óátækna áfengisflösku og hafi hann viðurkennt að hafa keypt hana af leigubifreiðastjóranum Ingólfi Skúlasyni, ákærða í máli þessu, og greitt fyrir hana krónur 900,00. Ákærði var færður niður á lög-reglustöð en fékk leyfi til að fara inn í söluturninn við Sunnutorg og kaupa þar vindlinga áður.

Ákærði gaf skýrslu á lögreglustöðinni í kjölfar þessa og neitaði að hafa selt Ólafi Þ. Þórarinssyni áfengisflösku.

Vitnið Ólafur Þ. Þórarinsson gaf skýrslu þann sama dag og viðurkenndi að hafa hringt á Borgarbilastöðina þá skömmu áður og beðið um „góðan bíl“ og viljað fá keypt áfengi. Síðan hefði bifreiðin komið og það farið út í hana og bifreiðastjórinn þá afhent því flösku af brennivíni og það greitt fyrir hana með ávísun að fjárhæð krónur 1.000,00 sem það hafi verið bóúð að skrifa og bílstjórinn selt flöskuna á 900,00. Vitnið bar að ákærði hafi ekið skamma stund og síðan ekið því til baka að húsinu aftur, og er það hafi verið komið upp á tröppur hússins þá hafi lögreglumenn stöðvað það og það farið með þeim á lögreglustöðina til skýrslugjafar.

Lögreglumenn fóru í söluturninn Sunnutorg að kvöldi 9. júní 1984 og fengu þar afhenta ávísun, dags. 7. júní 1984, útgefna af Ólafi Þórarinssyni, að fjárhæð krónur 1.000,00 á hlaupreikning nr. 12140, Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi.

Ákærða var boðið að ljúka máli þessu með dómsátt og sektargreiðslu 15. nóvember 1984, en því boði hafnaði hann.

Ákærði og Ólafur Þórarinsson voru samprófaðir hjá lögreglunni í

Reykjavík þann 4. febrúar 1985 og hélt hvor við sitt. Vitnið Ólafur Þórarinsson bar að það hefði hringt á Borgarbilastöðina og beðið um „góðan bíl“ og skömmu síðar hefði komið leigubíll og það keypt af bílstjóranum Ingólfi Skúlasyni eina flösku af brennivíni og greitt fyrir hana með 1.000,00 króna ávísun og fengið 100,00 krónur til baka. Ákærði vísaði alfarið til fyrri skýrslu sinnar í málinu, eftir að hafa hlýtt á framburð vitnisins og svaraði ekki frekari spurningum.

Ákærði kom við þingfestingu málsins þann 12. júní 1985 og gaf skýrslu. Ákærði bar á sama veg og í fyrri skýrslum sínum. Ákærði viðurkenndi að hafa farið laugardaginn 9. júní 1984 á leigubifreiðinni R-4610 að Njörvasundi 34 hér í borg og tekið þar farþegann Ólaf Þórð Þórarinsson. Ákærði kvað Ólaf hafa viljað aka vítt og breitt um borgina og hann ekki nennt að sinna því verki, meðal annars vegna þess að hann var að fara í mat. Ákærði neitaði aðspurður að hafa selt Ólafi áfengisflösku í bifreiðinni, en kvaðst ekki vita hvort Ólafur hafi verið með áfengi í bifreiðinni. Ákærði kvaðst hafa ekið vitninu út og í næstu götu og til baka aftur. Ákærði kvað Ólaf ekki hafa greitt sér neitt fyrir ökuferðina. Ákærði viðurkenndi að hafa farið inn í söluturninn við Sunnutorg, á leið niður á lögreglustöð og keypt þar pakka af vindlingum sem hann hafi greitt fyrir með 100,00 króna sedli. Ákærði staðfesti fyrri skýrslur sínar hjá lögreglu og fyrir dómi og mótmælti vitnaframburðum í málinu þar sem framburður þeirra færi í bága við framburð ákærða. Ákærða var sýnd ávísun sú er frammi lá í málinu útgefin af Ólafi Þ. Þórarinssyni, að fjárhæð krónur 1.000,00 á Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi frá 7. júní 1984. Ákærði kvaðst ekkert kannast við ávísun þessa og óskaði eftir að það yrði bókað að hún væri útgefin 7. júní 1984, en Ólafur hefði verið farþegi í bifreiðinni þann 9. júní 1984.

Vitnið Ólafur Þ. Þórarinsson kom fyrir dóm og gaf skýrslu þann 4. október sl. Vitnið bar á sama veg og í fyrri skýrslum sínum, sem það staðfesti. Vitnið kvaðst hafa hringt á Borgarbilastöðina 9. júní 1984 og beðið um „góðan bíl.“ Vitnið kvað ákærða Ingólf Skúlason hafa komið á leigubifreiðinni R-4610 að Njörvasundi 34 og það farið út í bifreiðina og ekið hefði verið einn hring um hverfið. Síðan hefði ákærði stöðvað fyrir utan húsið aftur og vitnið keypt af honum eina flösku af brennivíni sem það hafi greitt fyrir með ávísun. Vitnið kvaðst hafa verið komið upp á tröppur hússins er lögreglumenn hafi komið og haft tal af því. Vitnið staðfesti að ávísun sú að fjárhæð krónur 1.000,00 er frammi lá í málinu, útgefin af vitninu á Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi hafi verið ávísun sú er það greiddi ákærða fyrir flöskuna með. Vitnið gaf þá skýringu á að dags. 7. júní væri á ávísuninni en ekki 9. júní, að það hefði tekið dagafeil, og ítrekaði að þetta væri ávísun sú er það notaði til að greiða áfengi það er vitnið hafi keypt af ákærða.

Vitnið Ólafur Guðmundsson lögreglumaður gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 21. janúar sl. Vitnið kvaðst hafa verið að fylgjast með ólöglegri áfengissölu þann 9. júní 1984 er það hafi veitt bifreiðinni R-4610 athygli þar sem henni var ekið frá Borgarbilastöðinni og hafi það þekkt ákærða sem ökumann. Þeir hafi veitt bifreiðinni eftirför og ekið sem leið lá að Njörvasundi, þar sem bifreiðin hafi verið stöðvuð við hús nr. 34, og maður komið í bifreiðina og bifreiðinni ekið um götuna, og síðan hafi verið ekið að húsinu á ný. Þar hafi farþeginn farið út og þeir haft tal af honum og innt hann eftir því hvort hann hefði keypt áfengi af leigubílstjóranum, og hafi hann svarað því játandi. Vitnið kvaðst hafa séð áfengisflösku í buxnastræng hans. Vitnið kvaðst hafa farið ásamt kaupanda og Jóhannesi Viggóssyni niður á lögreglustöð en Óskar hafi farið með ákærða í bíl og þeir stöðvað á þeirri leið við verslunina Sunnutorg og ákærði farið þar inn og keypt vindlinga. Vitnið kom fyrir dóm þann 4. október sl., og bar þá á sama veg og í skýrslu sinni hjá lögreglu, sem það staðfesti. Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa orðið vitni að meintri afhendingu leigubílstjórans á áfengisflöskunni til farþegans.

Vitnið Óskar Kristjánsson lögreglumaður gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 23. janúar 1985. Vitnið kvaðst hafa verið að fylgjast með ólöglegri áfengissölu laugardaginn 9. júní 1984 ásamt Ólafi Guðmundssyni og Jóhannesi Viggóssyni, sem hafi verið í annarri bifreið. Vitnið kvað Ólaf hafa veitt bifreið Ingólfs Skúlasonar athygli þar sem henni var ekið frá bílastæði Borgarbilastöðvarinnar og þeir þekkt hann sem ökumann. Vitnið kvað þá hafa veitt bifreiðinni R-4610 eftirför uns bíllinn stansaði við hús nr. 34 við Njörvasund og þar hafi maður komið inn í bílinn. Bifreiðinni hafi verið ekið af stað og ekið stuttan spöl en síðan verið snúið við á ný og ekið aftur að húsi nr. 34 við sömu götu og þar hafi farþeginn farið út. Vitnið bar að Ólafur hafi farið út og haft tal af honum en það hafi farið á eftir bifreið ákærða og stöðvað akstur hans á mótum Njörvasunds og Drekaovgs. Vitnið kvaðst ekkert hafa rætt við farþega ákærða fyrir en á lögreglustöðinni. Vitnið kvaðst hafa farið í bíl ákærða niður á lögreglustöð og hann hafi beðið um að fara inn í söluturn við Sunnutorg og kaupa vindlinga og hafi hann farið einn þar inn. Vitnið gaf skýrslu í málinu þann 19. júní fyrir dómi, og bar þá á sama veg og í skýrslu sinni hjá lögreglu sem það staðfesti. Í skýrslutöku á lögreglustöðinni hafi komið fram að Ólafur hafi keypt áfengi af ákærða.

Vitnið Jóhannes Viggósson gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 21. janúar sl. Vitnið kvaðst hafa verið að fylgjast með ólöglegri áfengissölu ásamt þeim Ólafi Guðmundssyni og Óskari Kristjánssyni. Vitnið kvaðst hafa komið á eftir þeim Ólafi og Óskari inn í Njörvasund og Ólafur þá verið að ræða við Ólaf Þ. Þórarinsson við hús nr. 34 við Njörvasund. Vitnið

kvaðst hafa flutt Ólaf, kaupanda áfengissflöskunnar, og flöskuna niður á lögreglustöð þar sem yfirheyrslur hafi farið fram. Vitnið kvað Óskar hafa farið með ákærða í bíl og farið inn í verslunina við Sunnutorg og keypt tóbak. Vitnið kvaðst hafa farið síðar þennan dag og sótt ávísun þá er frammi liggur í málinu útgefin af Ólafi Þ. Þórarinssyni. Vitnið gaf skýrslu fyrir dómi þann 19. júní 1985 samhljóða þeirri er það gaf hjá lögreglu, sem það staðfesti.

Niðurstöður:

Þegar lítið er til framburðar vitnisins Ólafs Þ. Þórarinssonar og annarra vitna sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, verður að telja sannað að ákærði Ingólfur Skúlason hafi selt Ólafi Þ. Þórarinssyni eina flösku af brennivíni fyrir krónur 900,00 við hús nr. 34 við Njörvasund laugar-daginn 9. júní 1984 svo sem hann er ákærður fyrir þrátt fyrir neitun ákærða. Varðar brot hans við 18. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978.

Samkvæmt sakavottorði ákærða frá 18. febrúar 1985 hefur hann sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

— — —

[Sakavottorð tilgreinir sex sektir samkvæmt dómsátt, þar af eina (20.000,00 króna sekt. 14. september 1977) fyrir brot gegn 18. sbr. 39. gr áfengislaga.]

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr 52, 1978 og þykir hún hæfilega ákveðin 6.000,- króna sekt, sem renni til ríkissjóðs. Vararefsing ákveðst varðhald í 5 daga.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin greiðsla málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns Hilmars Ingimundarsonar hrl., krónur 12.000.-.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingólfur Skúlason, greiði 6.000,- krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 5 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun krónur 12.000,- til skipaðs verjanda síns Hilmars Ingimundarsonr hrl.
